

1

00:00:03,000 --> 00:00:06,000

Þetta er ævintýraleg saga...

2

00:00:10,320 --> 00:00:15,320

Saga um forvitni, hugrekki og elju...

3

00:00:19,000 --> 00:00:24,000

Sagan af því hvernig Evrópa hélt suður á bóginn til að rannsaka stjörnunar.

4

00:01:13,000 --> 00:01:17,000

Haldið suður á bóginn

5

00:01:18,000 --> 00:01:23,000

Velkomin til ESO, Stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli.

6

00:01:24,999 --> 00:01:28,400

Fimmtíu ára gömul en líflegri en nokkru sinni fyrr.

7

00:01:34,520 --> 00:01:37,520

ESO er hlið Evrópu til stjarnanna.

8

00:01:38,280 --> 00:01:41,280

Hér sameina stjörnufræðingar frá fimmtán löndum krafta sína

9

00:01:41,320 --> 00:01:44,240

til að ráða fram úr leyndardómum alheimsins.

10

00:01:44,960 --> 00:01:45,960

Hvernig?

11

00:01:45,999 --> 00:01:49,400

Með því að byggja stærstu sjónauka veraldar.

12

00:01:49,440 --> 00:01:51,840

Hanna nærar myndavélar og mælitæki.

13

00:01:52,280 --> 00:01:54,280

Grannskoða himininn.

14

00:01:57,000 --> 00:02:00,000

Í störfum sínum hafa þeir horft á nálæg og fjarlæg fyrirbæri

15

00:02:00,000 --> 00:02:03,000

allt frá halastjörnum á fleygiferð um sólkerfið,

16

00:02:03,000 --> 00:02:06,560

til fjarlæggra vetrarbrauta við endimörk rúms og tíma,

17

00:02:06,600 --> 00:02:12,000

og veitt okkur ferska sýn á alheiminn sem engin fordæmi eru fyrir.

18

00:02:42,560 --> 00:02:45,840

Leyndardómsfullan alheim.

19

00:02:46,320 --> 00:02:48,080

Og óhemju fagran.

20

00:02:50,080 --> 00:02:52,080

Frá afskekktum fjallstindum í Chile,

21

00:02:52,120 --> 00:02:54,880

teygja evrópskir stjörnufræðingar sig til stjarnanna.

22

00:02:55,999 --> 00:02:57,160

En hvers vegna Chile?

23

00:02:57,160 --> 00:02:59,400

Hvers vegna héldu stjörnufræðingar í suðurátt?

24

00:03:02,560 --> 00:03:07,800

Höfuðstöðvar Stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli eru í Garching í Þýskalandi.

25

00:03:11,880 --> 00:03:16,000

En frá Evrópu sést aðeins hluti himinsins.

26

00:03:16,000 --> 00:03:19,080

Til að fylla í eyðurnar þarf að halda suður á bóginn.

27

00:03:27,880 --> 00:03:32,999

Um aldir voru kort af suðurhimninum að miklu leyti auð -

28

00:03:33,000 --> 00:03:36,000

ókannaðar lendur himinsins.

29

00:03:37,200 --> 00:03:38,800

1595.

30

00:03:39,440 --> 00:03:43,320

Í fyrsta sinn lögðu hollensk kaupskip úr vör og sigldu til Austur-Indía.

31

00:03:49,880 --> 00:03:54,320

Á næturnar mældu siglingafræðingarnir Pieter Keyser og Frederik de Houtman

32

00:03:54,320 --> 00:03:59,400

staðsetningar meira en 130 stjarna á suðurhimninum.

33

00:04:05,600 --> 00:04:10,600

Fljótlega sýndu hnattlíkön og kort tólf ný stjörnumerki

34

00:04:10,640 --> 00:04:14,840

sem enginn Evrópumaður hafði séð áður.

35

00:04:16,280 --> 00:04:20,280

Bretar voru fyrstir til að koma upp varanlegri stjörnustöð

36

00:04:20,280 --> 00:04:21,920

á suðurhveli jarðar.

37

00:04:22,320 --> 00:04:27,320

Konunglega stjörnustöðin á Góðrarvonarhöfða var sett á laggirnar árið 1820.

38

00:04:28,640 --> 00:04:33,160

Skömmu síðar kom John Herschel upp sinni eigin stjörnustöð

39

00:04:33,160 --> 00:04:36,040

nálægt hinu fræga Borðfjalli í Suður Afríku.

40

00:04:37,999 --> 00:04:38,999

Hvílíkt útsýni!

41

00:04:39,920 --> 00:04:44,920

Dimmur himinn. Bjartar þyrpingar og stjörnuský hátt á lofti.

42

00:04:46,160 --> 00:04:49,999

Engin furða að stjörnustöðvar Harvard, Yale og Leiden háskóla

43

00:04:50,000 --> 00:04:53,720

fylgdu í kjölfarið með sínar eigin stjörnustöðvar á suðurhveli.

44

00:04:53,760 --> 00:04:57,000

En könnun suðurhiminsins

45

00:04:57,000 --> 00:05:01,000

krafðist hugrekkið, ástríðu og elju.

46

00:05:06,400 --> 00:05:08,600

Þar til fyrir fimmtíu árum

47

00:05:08,600 --> 00:05:12,240

voru næstum allir stórir stjörnusjónaukar heims norðan miðbaugs.

48

00:05:13,040 --> 00:05:15,360
En hvers vegna er suðurhiminn svona mikilvægur?

49
00:05:17,680 --> 00:05:21,640
Í fyrsta lagi var hann að mestu ókannaður.

50
00:05:22,120 --> 00:05:24,640
Allur himinn sést einfaldlega ekki frá Evrópu.

51
00:05:25,320 --> 00:05:29,320
Miðja vetrarbrautarinnar er gott dæmi.

52
00:05:29,880 --> 00:05:32,880
Hún sést vart frá norðurhveli jarðar

53
00:05:32,920 --> 00:05:34,920
en frá suðurhvelinu kemst hún hátt á himinn.

54
00:05:36,960 --> 00:05:38,960
Að ógleymdum Magellansskýjunum –

55
00:05:38,999 --> 00:05:42,280
tveimur litlum fylgivetarbrautum okkar vetrarbrautar.

56
00:05:42,440 --> 00:05:47,360
Þær sjást ekki frá norðurhveli en eru mjög áberandi sunnan miðbaugs.

57
00:05:48,440 --> 00:05:49,440
Og að lokum

58
00:05:49,520 --> 00:05:53,840
plagaði ljósmengun og óhagstætt veður evrópska stjörnufræðinga.

59
00:05:53,880 --> 00:05:57,120
Að halda suður á bóginn myndi leysa flest vandamál þeirra.

60
00:06:00,080 --> 00:06:04,720
Bátsferð í Hollandi í júní 1953.

61
00:06:05,000 --> 00:06:07,600
Hér á IJsselmeer

62
00:06:07,600 --> 00:06:10,600
sögðu þýsk-bandaríski stjörnufræðingurinn Walter Baade

63
00:06:10,600 --> 00:06:13,000
og hollenski stjörnufræðingurinn Jan Oort

64

00:06:13,000 --> 00:06:16,000

Samstarfsfélögum sínum frá áætlunum um evrópska stjórnumstöð

65

00:06:16,000 --> 00:06:18,000

á suðurhveli jarðar.

66

00:06:22,160 --> 00:06:26,720

Ekkert Evrópuríki gat keppt eitt og óstutt við Bandaríkin

67

00:06:27,240 --> 00:06:29,240

en í samstarfi væri það mögulegt.

68

00:06:29,560 --> 00:06:34,560

Sjö mánuðum seinna komu tólf stjórnufræðingar frá sex löndum saman hér

69

00:06:34,560 --> 00:06:37,080

í hinu virðulega þingherbergi Leidenháskóla.

70

00:06:37,960 --> 00:06:39,400

þeir undirrituðu yfirlýsingu

71

00:06:39,400 --> 00:06:45,000

og létu í ljós ósk sína um að setja á laggirnar evrópska stjórnumstöð í Suður Afríku.

72

00:06:45,040 --> 00:06:48,000

Þetta ruddi brautina fyrir stofnun ESO.

73

00:06:48,760 --> 00:06:50,880

En bíðum við!... Suður Afríka?

74

00:06:52,520 --> 00:06:54,440

Að vissu leyti var það skiljanlegt.

75

00:06:54,600 --> 00:07:00,000

Í Suður Afríku var Höfðastjórnumstöðin þegar til staðar og eftir árið 1909

76

00:07:00,000 --> 00:07:03,000

Transvaal-stjórnumstöðin í Jóhannesarborg.

77

00:07:03,000 --> 00:07:07,600

Stjórnumstöð Leiden var með sína eigin stöð á suðurhveli í Hartebeespoort.

78

00:07:09,960 --> 00:07:11,960

Árið 1955

79

00:07:11,999 --> 00:07:17,520

komu stjórnufræðingar upp búnaði til að finna besta staðinn undir stóran sjónauka.

80

00:07:17,600 --> 00:07:24,000

Zeekoegat í Karoo eyðimörkinni. Eða Tafelkopje í Bloemfontein.

81

00:07:25,000 --> 00:07:27,640

En veðrið var alls ekki hagstætt.

82

00:07:29,000 --> 00:07:34,720

Í kringum 1960 var sjónum beint að hrikalegu landslagi norðurhluta Chile.

83

00:07:35,640 --> 00:07:38,999

Hér höfðu bandarískir stjörnufræðingar líka hug á

84

00:07:39,000 --> 00:07:41,600

að koma upp eigin stjörnustöð á suðurhveli.

85

00:07:41,600 --> 00:07:48,000

Í erfiðum hestaleiðangrum kom í ljós að aðstæður voru miklu betri en í Suður Afríku.

86

00:07:48,040 --> 00:07:52,400

Árið 1963 var ákvörðun tekin. Chile skyldi það vera.

87

00:07:53,000 --> 00:07:56,000

Sex mánuðum seinna varð La Silla fjall fyrir valinu

88

00:07:56,000 --> 00:07:59,520

sem framtíðarstaðsetning Stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli.

89

00:07:59,800 --> 00:08:03,000

ESO var ekki lengur fjarlægur draumur.

90

00:08:03,240 --> 00:08:10,280

Að lokum undirrituðu fimm Evrópuríki ESO sáttmálann þann 5. október 1962

91

00:08:10,840 --> 00:08:15,680

sem er opinber afmælisdagur Stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli.

92

00:08:15,720 --> 00:08:19,600

Belgía, Þýskaland, Frakkland, Holland og Svíþjóð

93

00:08:19,600 --> 00:08:24,000

voru staðráðin í að stefna í sameiningu til stjarnanna á suðurhveli.

94

00:08:25,680 --> 00:08:29,680

La Silla og nágrenni var keypt af Chileska ríkinu.

95

00:08:30,440 --> 00:08:32,720

Vegur var lagður úti í óbyggðum.

96

00:08:33,880 --> 00:08:38,999

Fyrsti sjónauki ESO tók á sig mynd í stálsmiðju í Rotterdam

97

00:08:40,880 --> 00:08:43,600

Og í desember 1966

98

00:08:43,640 --> 00:08:49,000

var fyrsta auga Stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli opnað.

99

00:08:49,000 --> 00:08:54,320

Evrópa hafði lagt í mikla vegferð til að uppgötva alheiminn.

100

00:09:00,000 --> 00:09:05,000

Horft til himins

101

00:09:07,000 --> 00:09:14,640

Fyrir 167.000 árum sprakk stjarna í lítilli vetrarbraut sem hringsólar um vetrarbrautina okkar.

102

00:09:17,720 --> 00:09:20,160

Á þeim tíma þegar stjarnan fjarlægja sprakk

103

00:09:20,200 --> 00:09:24,440

hafði maðurinn nýtekið sín fyrstu skref á sléttunni í Afríku.

104

00:09:26,720 --> 00:09:29,640

En enginn hefði getað tekið eftir flugeldasýningunni í geimnum

105

00:09:29,760 --> 00:09:34,920

Því ljósgeislarnir voru nýlagðir af stað í langferð sína til jarðar.

106

00:09:36,240 --> 00:09:41,280

Þegar ljós sprengistjörnnar hafði lagt að baki 98% af ferðalagi sínu

107

00:09:41,360 --> 00:09:46,200

voru grískir heimspekingar nýbyrjaðir að velta fyrir sér eðli alheimsins.

108

00:09:48,520 --> 00:09:50,840

Skömmu áður en ljósið náði til jarðar

109

00:09:50,920 --> 00:09:56,400

beindi Galíleó Galílei sínum fyrsta frumstæða sjónauka til himins.

110

00:09:59,800 --> 00:10:03,000

En þann 24. febrúar árið 1987

111

00:10:03,200 --> 00:10:07,280

Þegar ljóseindum sprengingarinnar rigndi loks yfir reikistjörnuna okkar,

112

00:10:07,360 --> 00:10:12,200

voru stjörnufræðingar tilbúnir að rannsaka sprengistjörnuna í smáatriðum.

113

00:10:13,760 --> 00:10:15,760

Sprengistjarnan 1987A

114

00:10:15,800 --> 00:10:17,920

blossaði upp á suðurhimninum –

115

00:10:17,999 --> 00:10:20,999

og sást því ekki frá Evrópu eða Bandaríkjunum.

116

00:10:21,000 --> 00:10:25,560

Á þessum tíma hafði ESO byggt sína fyrstu stóru sjónauka í Chile

117

00:10:25,560 --> 00:10:30,000

sem veitti stjörnufræðingum sæti í fremstu röð til að fylgjast með sjónarspilinu.

118

00:10:32,560 --> 00:10:35,440

Sjónaukinn er vitaskuld mikilvægasta tækið

119

00:10:35,480 --> 00:10:39,600

sem gerir okkur kleift að ráða fram úr leyndardómum alheimsins.

120

00:10:40,400 --> 00:10:44,800

Sjónaukar safna miklu meira ljósi en mannsaugað

121

00:10:44,840 --> 00:10:49,480

og sýna því daufari stjörnur og leyfa okkur að skyggjast dýpra út í geiminn.

122

00:10:51,480 --> 00:10:55,920

Þeir sýna líka fínna smáatriði, eins og stækkunargler.

123

00:10:57,680 --> 00:11:01,720

Og þegar þeir eru búnir ljósnæmum myndavélum og litrófsritum

124

00:11:01,760 --> 00:11:07,000

veita þeir okkur miklar upplýsingar um reikistjörnur, stjörnur og vetrarbrautir.

125

00:11:14,360 --> 00:11:18,120

Fyrstu sjónaukar ESO á La Silla voru af ýmsum stærðum og gerðum.

126

00:11:18,160 --> 00:11:21,160

Allt frá litlum þjóðarsjónaukum

127

00:11:21,200 --> 00:11:24,040

upp í stórar ljósmyndavélar og gleiðlinsur.

128

00:11:34,200 --> 00:11:38,360

2,2 metra sjónaukinn, sem nú er næstum 30 ára gamall,

129

00:11:38,400 --> 00:11:41,880

tekur enn glæsilegar myndir af alheiminum.

130

00:12:22,720 --> 00:12:25,160

Á hesta tindi La Silla fjalls

131

00:12:25,160 --> 00:12:30,800

er að finna mesta afrek fyrstu starfsára ESO – 3,6 metra sjónaukann.

132

00:12:31,160 --> 00:12:35,480

Hann er 35 ára gamall en hefur öðlaðst nýtt líf í leit að fjarreikistjörnum.

133

00:12:37,000 --> 00:12:42,640

Sænskir stjörnufræðingar byggðu sömuleiðis 15 metra breitt loftnet

134

00:12:42,680 --> 00:12:46,120

til að rannsaka örbylgjur frá köldum geimskýjum.

135

00:12:47,280 --> 00:12:52,600

Saman hafa þessir sjónaukar hjálpað til við að afhjúpa alheiminn sem við búum í.

136

00:13:06,840 --> 00:13:10,840

Jörðin er aðeins ein af átta reikistjörnum í sólkerfinu.

137

00:13:16,160 --> 00:13:19,200

Frá hinum örsmáa Merkúríusi til risans Júpíters

138

00:13:19,240 --> 00:13:24,960

eru þessir berg- og gashnettir leifar frá myndun sólarinnar.

139

00:13:30,360 --> 00:13:35,360

Sólin er að sama skapi meðalstjarna í vetrarbrautinni okkar.

140

00:13:36,800 --> 00:13:42,080

Ein lítil ljóstýra innan um hundruð milljarða sambærilegra stjarna –

141

00:13:42,160 --> 00:13:46,640

en líka útpanda rauða risa, samþjappaða hvíta dverga

142

00:13:46,800 --> 00:13:49,720

og nifteindastjörnur sem snúast geysihratt.

143

00:13:50,920 --> 00:13:55,840

Þyrilarmar vetrarbrautarinnar eru útataðir glóandi geimþokum

144

00:13:56,000 --> 00:13:59,040

sem geta af sér bjartar þyrpingar nýfæddra stjarna,

145

00:13:59,240 --> 00:14:03,640

á meðan svermur aldraðra kúlupyrpinga umlykur vetrarbrautina okkar.

146

00:14:08,560 --> 00:14:13,400

Og vetrarbrautin okkar er aðeins ein af ótal vetrarbrautum í hinum stóra alheimi

147

00:14:13,400 --> 00:14:18,920

sem hefur þanist út frá Miklahvelli í næstum fjórtán milljarða ára.

148

00:14:26,440 --> 00:14:31,560

Síðustu fimmtíu ár hefur ESO hjálpað til við að afhjúpa stöðu okkar í alheiminum.

149

00:14:31,760 --> 00:14:36,000

Og með því að horfa til himins höfum við líka áttað okkur á eigin uppruna.

150

00:14:36,240 --> 00:14:41,999

Við erum hluti af stórri alheimssögu. Án stjarna, værum við ekki hér.

151

00:14:45,320 --> 00:14:50,320

Í upphafi innihélt alheimurinn aðeins vetni og helíum, tvö léttustu frumefnin.

152

00:14:50,400 --> 00:14:55,720

En stjörnurnar eru kjarnaofnar sem umbreyta léttu frumefnunum í þyngri.

153

00:14:58,040 --> 00:15:01,560

Og sprengistjarna eins og 1987A

154

00:15:01,600 --> 00:15:05,680

sáir afurðum sínum um alheiminn.

155

00:15:08,440 --> 00:15:13,240

Þegar sólkerfið myndaðist fyrir um 4,6 milljörðum ára

156

00:15:13,440 --> 00:15:16,960

innihélt það þessi þungu frumefni í litlu magni.

157

00:15:17,080 --> 00:15:21,400

Málma og silíköt en líka kolefni og súrefni.

158

00:15:22,600 --> 00:15:27,600
Kolefnið í vöðvunum, járníð í blóðinu og kalsíumið í beinum okkar,

159
00:15:27,600 --> 00:15:31,240
urðu til í fyrri kynslóðum stjarna.

160
00:15:31,280 --> 00:15:34,000
Við erum bókstaflega himnesk.

161
00:15:35,440 --> 00:15:38,800
En ný svör leiða ætíð til nýrra spurninga.

162
00:15:39,080 --> 00:15:42,640
Því meira sem við lærum, því dýpri verða leyndardómarnir.

163
00:15:45,040 --> 00:15:48,560
Hver eru uppruni og örlög vetrarbrauta?

164
00:15:52,560 --> 00:15:57,560
Eru önnur sólkerfi þarna út og gæti líf þrífist á öðrum hnöttum?

165
00:16:05,080 --> 00:16:10,480
Hvað leynist djúpt í iðrum vetrarbrautarinnar?

166
00:16:21,240 --> 00:16:25,000
Stjörnufræðingar þurftu augljóslega miklu öflugri sjónauka.

167
00:16:25,000 --> 00:16:28,720
Og ESO veitti þeim ný og byltingarkennd tæki.

168
00:16:39,880 --> 00:16:44,440
Að sjá skýrt

169
00:16:45,800 --> 00:16:49,360
Stærðin skiptir máli – að minnsta kosti þegar um spegilsjónauka er að ræða.

170
00:16:49,360 --> 00:16:54,440
Stórir speglar þurfa hins vegar að vera þykkir, svo þeir aflagist ekki undan eigin þunga.

171
00:16:55,120 --> 00:16:59,400
Í rauninni aflagast stórir speglar hvort sem er, sama hversu þykkir og þungir þeir eru.

172
00:17:00,480 --> 00:17:07,160
Lausnin? Þunnir, léttir speglar og töfrabragð sem kallast virk sjóntæki.

173
00:17:08,120 --> 00:17:11,360
ESO ruddi brautina fyrir þessa tækni í lok níunda áratugarins

174
00:17:11,440 --> 00:17:13,840
með New Technology Telescope.

175
00:17:15,240 --> 00:17:17,480
Og svona gerist tæknin best.

176
00:17:17,480 --> 00:17:23,560
Speglar Very Large Telescope – VLT – eru 8,2 metrar í þvermál...

177
00:17:23,560 --> 00:17:26,280
...en aðeins 20 sentímetra þykkir.

178
00:17:27,120 --> 00:17:28,120
Og galdurinn er eftirfarandi:

179
00:17:28,760 --> 00:17:31,120
Tölvustýrt stuðningskerfi sem tryggir

180
00:17:31,120 --> 00:17:36,880
að speglarnir halda ávallt rétttri lögun með nákvæmni upp á nanómetra.

181
00:17:53,200 --> 00:17:56,960
VLT er flaggskip ESO.

182
00:17:57,120 --> 00:18:03,600
Fjórir nákvæmlega eins sjónaukar sem sameina krafta sína á tind Paranal fjalls í norður Chile.

183
00:18:03,640 --> 00:18:05,840
Þeir voru smíðaðir í lok tíunda áratugarins

184
00:18:05,840 --> 00:18:10,520
og tryggja stjörnufræðingum bestu tækni sem völ er á.

185
00:18:15,240 --> 00:18:20,720
Í miðri Atacamaeyðimörkinni bjó ESO til paradís stjörnufræðingsins.

186
00:18:36,040 --> 00:18:38,360
Vísindamennirnir gista í La Residencia,

187
00:18:38,360 --> 00:18:41,760
hótel sem var að hluta til grafið undir jarðveginn

188
00:18:41,800 --> 00:18:44,160
á einum þurrasta stað veraldar.

189
00:18:44,640 --> 00:18:50,720

Innandýra eru pálmatré, sundlaug og... ljúffeng chilesk sætindi.

190

00:18:53,640 --> 00:18:54,520

Að sjálfsögðu

191

00:18:54,560 --> 00:18:58,800

er helsta aðdráttarafl Very Large Telescope ekki sundlaugin

192

00:18:59,000 --> 00:19:02,560

heldur óviðjafnanlegt útsýni út í alheiminn.

193

00:19:07,400 --> 00:19:11,480

Án þunnra spegla og virkra sjóntækja væri VLT óhugsandi.

194

00:19:12,000 --> 00:19:13,080

En það er fleira.

195

00:19:13,080 --> 00:19:18,320

Stjörnurnar sýnast móðukenndar, jafnvel séðar með bestu og stærstu sjónaukunum.

196

00:19:18,320 --> 00:19:22,360

Ástæðan? Lofthjúpur jarðar bjagar myndirnar.

197

00:19:26,920 --> 00:19:31,200

Þá kemur önnur brella til sögunnar: Aðlögunarsjóntæki.

198

00:19:32,880 --> 00:19:39,200

Á Paranal er leysigeislum skotið upp í næturhimininn og þannig útbúnað gervistjörnur.

199

00:19:39,200 --> 00:19:43,720

Nemar nota gervistjörnurnar til að mæla bjögun lofthjúpsins.

200

00:19:43,840 --> 00:19:46,080

Hundrað sinnum á sekúndu,

201

00:19:46,160 --> 00:19:50,200

er myndin leiðrétt með tölvustýrðum, sveigjanlegum speglum.

202

00:19:52,240 --> 00:19:57,480

Og afraksturinn? Eins og ef ókyrr lofthjúpurinn væri tekinn burt.

203

00:19:57,840 --> 00:19:59,200

Sjáðu bara muninn!

204

00:20:06,240 --> 00:20:09,680

Vetrarbrautin okkar er stór þyrilpoka.

205

00:20:09,680 --> 00:20:14,440
Í kjarna hennar – í 27.000 ljósára fjarlægð –

206
00:20:14,440 --> 00:20:19,400
er ráðgáta sem Very Large Telescope ESO hjálpaði til við að leysa.

207
00:20:21,640 --> 00:20:25,560
Stór rykský birgja sýn inn að miðju vetrarbrautarinnar.

208
00:20:25,640 --> 00:20:29,520
En ljósnæmar innrauðar myndavélar geta skyggnst í gegnum rykið

209
00:20:29,600 --> 00:20:31,880
og svipt hulunni af því sem leynist bak við.

210
00:20:37,640 --> 00:20:43,080
Með hjálp aðlögunarsjöntækja sýna þær tugi rauðra risastjarna.

211
00:20:43,640 --> 00:20:47,520
Á liðnum árum hafa þessar stjörnur sést hreyfast!

212
00:20:47,640 --> 00:20:52,320
Þær hringasóla í kringum ósýnilegt fyrirbæri í hjarta vetrarbrautarinnar.

213
00:20:53,760 --> 00:20:59,440
Af hreyfingum þeirra að dæma hlýtur ósýnilega fyrirbærið að vera gríðarlega massamikið.

214
00:21:00,200 --> 00:21:06,800
Risavaxið svarthol, meira en 4,3 milljón sinnum massameira en sólin okkar.

215
00:21:07,520 --> 00:21:11,600
Stjörnufræðingar hafa meira að segja séð orkuríka blossa frá gasskýjum

216
00:21:11,600 --> 00:21:13,640
sem svartholið gleypir.

217
00:21:13,800 --> 00:21:18,160
Allt saman sjáanlegt með hjálp aðlögunarsjöntækja.

218
00:21:20,120 --> 00:21:25,160
Þunnir speglar og virk sjöntæki gera okkur kleift að smíða risasjónauka.

219
00:21:25,200 --> 00:21:28,680
Og aðlögunarsjöntækin sjá um ókyrrðina í lofthjúpnum

220
00:21:28,680 --> 00:21:31,200
og gefa okkur hnífskarpar myndir.

221

00:21:32,000 --> 00:21:34,640

En við eigum fleiri ása í erminni.

222

00:21:34,680 --> 00:21:38,240

Þriðja brellan er kölluð víxlmælingar.

223

00:21:40,680 --> 00:21:44,360

VLT samanstendur af fjórum sjónaukum.

224

00:21:44,360 --> 00:21:49,960

Saman geta þeir verkað sem 130 metra breiður sýndarsjónauki.

225

00:21:52,520 --> 00:21:57,560

Ljósi sem sjónaukarnir safna hver í sínu lagi, er veitt í gegnum göng

226

00:21:57,560 --> 00:22:00,800

og safnað saman í rannsóknarstofu neðanjarðar.

227

00:22:03,000 --> 00:22:09,000

Hér er ljósið sameinað með leysimælingartækni og flóknu seinkunarkerfi.

228

00:22:13,960 --> 00:22:19,240

Heildarútkoman er samanlögð ljóssöfnunargeta fjögurra 8,2 metra spegla

229

00:22:19,280 --> 00:22:25,440

og hækfrán sjón ímyndaðs sjónauka á stærð við fimmtíu tennisvelli.

230

00:22:28,040 --> 00:22:32,080

Fjórir hjálparsjónaukar veita kerfinu meiri sveigjanleika.

231

00:22:32,120 --> 00:22:35,840

Þeir sýnast smáir við hlið risanna fjögurra.

232

00:22:35,960 --> 00:22:40,400

Samt hafa þeir 1,8 metra breiða spegla.

233

00:22:40,800 --> 00:22:45,360

Stærri en stærstu sjónaukar heims fyrir rétt rúmri öld!

234

00:22:47,040 --> 00:22:50,360

Víxlmælingar eru nokkurs konar kraftaverk.

235

00:22:50,640 --> 00:22:54,400

Stjörnuljósatöfrar í eyðimörkinni.

236

00:22:54,960 --> 00:22:58,160

Og niðurstöðurnar eru tilkomumiklar.

237

00:22:59,920 --> 00:23:05,120

Víxlmælin Very Large Telescope sýnir fimmtíu sinnum finni smáatriði

238

00:23:05,160 --> 00:23:07,160

en Hubble geimsjónaukinn.

239

00:23:09,640 --> 00:23:14,440

Hann gaf okkur til dæmis nærmynd af vampírustjörnu.

240

00:23:15,960 --> 00:23:19,320

Stjörnu sem sýgur efni frá förunauti sínum.

241

00:23:23,480 --> 00:23:28,240

Óreglulegar hviður stjörnuryks hafa sést umhverfis Betelgás –

242

00:23:28,240 --> 00:23:32,200

risastjörnu sem er um það bil að springa.

243

00:23:34,560 --> 00:23:40,360

Og í rykskífum nýfæddra stjarna hafa stjörnufræðingar fundið ...

244

00:23:40,480 --> 00:23:44,280

... hráefnið í reikistjörnur framtíðinnar.

245

00:23:44,760 --> 00:23:50,400

Very Large Telescope er skarpasta auga mannkyns.

246

00:23:51,200 --> 00:23:54,880

En stjörnufræðingar hafa fleiri leiðir til að víkka sjóndeildarhringinn

247

00:23:54,880 --> 00:23:57,320

og bæta útsýni sitt.

248

00:23:57,320 --> 00:23:59,999

Hjá Stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli

249

00:24:00,000 --> 00:24:05,400

hafa þeir lært að sjá alheiminn í gerólíku ljósi.

250

00:24:11,920 --> 00:24:18,720

Alheimur í öðru ljósi

251

00:24:24,400 --> 00:24:25,720

Góð tónlist, ekki satt?

252

00:24:26,880 --> 00:24:29,640

En hugsaðu þér að þú værir heyrnarskert(ur).

253

00:24:29,640 --> 00:24:32,720

Hvað ef þú heyrðir ekki lágtíðnina?

254

00:24:34,080 --> 00:24:35,880

Eða hátíðnina?

255

00:24:37,640 --> 00:24:40,320

Stjörnufræðingar stóðu eitt sinn í svipuðum sporum.

256

00:24:41,080 --> 00:24:46,400

Mannsaugað greinir aðeins lítinn hluta af allri geislun í alheiminum.

257

00:24:46,400 --> 00:24:50,400

Við sjáum ekki ljós sem hefur styttri bylgjulengdir en fjólubláar bylgjur

258

00:24:50,400 --> 00:24:52,480

eða lengri en rauðar bylgjur.

259

00:24:53,160 --> 00:24:56,320

Við greinum einfaldlega ekki alla alheimssinfóníuna.

260

00:24:58,160 --> 00:25:03,880

Árið 1800 uppgötvaði William Herschel innrautt ljós eða varmageislun.

261

00:25:07,480 --> 00:25:10,560

Í dimmu herbergi sérðu mig ekki.

262

00:25:11,720 --> 00:25:15,960

En ef þú setur á þig innrauð gleraugu „sérðu“ líkamshita minn.

263

00:25:18,760 --> 00:25:25,160

Á sama hátt sjá innrauðir sjónaukar fyrirbæri í geimnum sem eru of köld til að gefa frá sér sýnilegt ljós,

264

00:25:25,160 --> 00:25:29,800

eins og dökk gas- og rykský þar sem stjörnur og reikistjörnur verða til.

265

00:25:38,880 --> 00:25:39,880

Í áratugi

266

00:25:39,920 --> 00:25:42,640

hafa stjörnufræðingar ESO viljað kanna alheiminn

267

00:25:42,640 --> 00:25:44,560

í innrauðum bylgjulengdum.

268

00:25:45,120 --> 00:25:48,240

Fyrstu ljósnemarnir voru litlir og þar af leiðandi afkastalitlir.

269

00:25:48,600 --> 00:25:52,000

Þeir gáfu okkur þokukennað sýn á himininn í innrauðu ljósi.

270

00:25:54,160 --> 00:25:58,120

Innrauðar myndavélar nútímans eru stórar og öflugar.

271

00:25:58,720 --> 00:26:02,800

Þær eru kældar niður í mjög lágt hitastigi til að auka ljósnæmnina.

272

00:26:04,400 --> 00:26:09,240

Og Very Large Telescope ESO er hannaður til að nýta þær til fulls.

273

00:26:14,080 --> 00:26:20,960

Sumar tæknibrellur stjörnufræðinga, eins og víxlælingar, virka aðeins í innrauðu ljósi.

274

00:26:23,120 --> 00:26:27,560

Við höfum víkkað sjóndeildarhring okkar og séð alheiminn í nýju ljósi.

275

00:26:31,040 --> 00:26:37,440

Þessi dökki hnoðri er ský úr geimryki sem hylur stjörnur í bakgrunni.

276

00:26:37,480 --> 00:26:41,960

En í innrauðu ljósi getum við horft í gegnum rykið.

277

00:26:43,840 --> 00:26:47,600

Hér sérðu Sverðþökuna í Óríon, stjörnuhreiddur.

278

00:26:47,640 --> 00:26:52,480

Flest nýfæddu ungstirnir eru falin í rykskjúum.

279

00:26:52,480 --> 00:26:58,160

Aftur kemur innrautt ljós til hjálpar og sýnir stjörnur í mótun!

280

00:27:09,080 --> 00:27:13,160

Við ævilok blása stjörnurnar út gasblöðrum.

281

00:27:13,160 --> 00:27:16,880

Þær eru einstaklega fallegar í sýnilegu ljósi

282

00:27:16,880 --> 00:27:21,000

– en á innrauðu myndinni sjást miklu fleiri smáatriði.

283

00:27:23,280 --> 00:27:25,600

Gleymdu ekki stjörnunum og gasskjúnum

284

00:27:25,600 --> 00:27:30,680

sem risasvartholið í hjarta vetrarbrautarinnar er að gleypa.

285

00:27:30,720 --> 00:27:34,400

Við sjum þetta aldrei án innrauðra myndavéla.

286

00:27:36,360 --> 00:27:37,720

Í öðrum vetrarbrautum

287

00:27:37,720 --> 00:27:42,880

hafa rannsóknir á innrauðu ljósi sýnt dreifingu stjarna á borð við sólina okkar.

288

00:27:45,920 --> 00:27:49,920

Fjarlægustu vetrarbrautir alheims er aðeins hægt að rannsaka í innrauðu ljósi.

289

00:27:49,920 --> 00:27:52,640

Ljós þeirra hefur færst yfir á þessar löngu bylgjulengdir

290

00:27:52,640 --> 00:27:54,880

af völdum útpenslu alheimsins.

291

00:27:57,200 --> 00:28:01,640

Ofan á litlum fjallstindi skammt frá Paranal er afskekkt bygging.

292

00:28:02,160 --> 00:28:05,880

Innan í henni er hinn 4,1 metra breiði VISTA sjónauki.

293

00:28:06,280 --> 00:28:09,960

Hann var smíðaður í Bretlandi, tíunda aðildarriki ESO.

294

00:28:17,120 --> 00:28:20,640

Nú um stundir sér VISTA aðeins innrautt ljós.

295

00:28:20,640 --> 00:28:25,400

Á sjónaukanum er risavaxin myndavél, álíka þung og pallbíll.

296

00:28:25,400 --> 00:28:31,960

Og já, VISTA gefur okkur einstakar myndir af alheiminum í innrauðu ljósi.

297

00:28:33,320 --> 00:28:37,080

Frá upphafi, fyrir 50 árum síðan, hefur ESO gert rannsóknir í sýnilegu ljósi.

298

00:28:40,080 --> 00:28:43,240

Og innrauðar rannsóknir í um þrjátíu ár.

299

00:28:48,480 --> 00:28:51,480

En það er ýmislegt fleira mælanlegt í alheimssinfóníunni.

300

00:28:53,160 --> 00:28:57,640

Í fimm þúsund metra hæð yfir sjávarmáli, hátt í Andesfjöllum Chile,

301

00:28:57,640 --> 00:28:59,800

er Chajnantor hásléttan.

302

00:29:01,040 --> 00:29:04,160

Þar rísa stjarnvísindin hæst.

303

00:29:07,320 --> 00:29:10,160

Chajnantor er heimili ALMA

304

00:29:11,200 --> 00:29:14,640

– Atacama Large Millimeter/submillimeter Array.

305

00:29:15,720 --> 00:29:17,560

ALMA er enn í smíðum,

306

00:29:17,600 --> 00:29:21,400

á stað sem er svo fjandsamlegur að jafnvel erfitt er að draga andann!

307

00:29:24,360 --> 00:29:27,560

Þegar aðeins tíu af 66 loftnetum höfðu verið sett upp

308

00:29:27,560 --> 00:29:32,080

gerði ALMA sínar fyrstu mælingar haustið 2011.

309

00:29:36,200 --> 00:29:42,600

Millímetrabylgjur utan úr geimnum. Til að greina þær þarf að fara hátt yfir sjó á þurran stað.

310

00:29:42,640 --> 00:29:47,240

Chajnantor er einn besti staður heims fyrir slíkar mælingar.

311

00:29:51,840 --> 00:29:57,440

Köld gas- og rykský verða sýnileg þegar vetrarbrautir rekast saman.

312

00:29:58,040 --> 00:30:02,880

Þetta eru ekki staðir þar sem stjörnur fæðast, heldur þar sem þær eru getnar.

313

00:30:05,880 --> 00:30:09,560

Og þessar þyrilbylgjur í útstreymi deyjandi stjörnu

314

00:30:09,560 --> 00:30:12,640

– gætu þær verið vegna reikistjörnu?

315

00:30:17,040 --> 00:30:18,880

Með því að breyta því hvernig við sjáum alheiminn,

316

00:30:18,880 --> 00:30:23,080

færumst við nær uppruna reikistjarna, stjarna og vetrarbrauta.

317

00:30:23,560 --> 00:30:26,880

Að alheimssinfóníunni í heild sinni.

318

00:30:37,999 --> 00:30:42,640

Útbreiðslustarf

319

00:30:44,640 --> 00:30:47,720

Stephane Guisard dýrkar stjörnurnar.

320

00:30:48,800 --> 00:30:51,240

Ekki skrítið að hann hafi dálæti á norður Chile líka.

321

00:30:52,280 --> 00:30:56,560

Hér er útsýnið út í alheiminn með því besta sem gerist á jörðinni.

322

00:30:58,080 --> 00:31:01,280

Því skyldi engan undra hvers vegna hann dýrkar Stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli

323

00:31:01,320 --> 00:31:03,640

– auga Evrópu á himninum.

324

00:31:04,760 --> 00:31:08,320

Stephane er franskur verðlaunaljósmyndari og rithöfundur.

325

00:31:10,240 --> 00:31:14,080

Hann er líka einn af ljósmyndurum ESO.

326

00:31:18,760 --> 00:31:23,880

Glæsilegar myndir hans sýna vel afskekktu Atacamaeyðimörkina,

327

00:31:23,880 --> 00:31:26,920

fullkomna hátækni-risasjónauka

328

00:31:26,960 --> 00:31:30,640

og mikilfengleika næturhiminsins.

329

00:31:38,440 --> 00:31:42,280

Líkt og aðrir ljósmyndarar ESO út um allan heim

330

00:31:42,320 --> 00:31:45,640

hjálpur Stephane til við að breiða út boðskap ESO.

331

00:31:47,160 --> 00:31:51,240

Boðskap forvitni, undrunar og innblásturs,

332

00:31:51,240 --> 00:31:54,720

sem miðlað er í gegnum samvinnu og útbreiðslustarf.

333

00:31:57,800 --> 00:32:01,360

Samvinna hefur ætíð verið grunnurinn að árangri ESO.

334

00:32:01,560 --> 00:32:02,560

Fyrir fimmtíu árum

335

00:32:02,720 --> 00:32:04,240

tók Stjórnustöð Evrópulanda á suðurhveli

336

00:32:04,280 --> 00:32:07,160

til starfa með stofnríkjunum fimm:

337

00:32:07,160 --> 00:32:11,240

Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og Svíþjóð.

338

00:32:11,640 --> 00:32:14,080

Fljótlega fylgdu önnur Evrópuríki í kjölfarið.

339

00:32:14,400 --> 00:32:20,560

Danmörk árið 1967, Ítalía og Sviss árið 1982. Portúgal árið 2011.

340

00:32:20,560 --> 00:32:22,720

Bretland árið 2002.

341

00:32:23,600 --> 00:32:28,080

